

## Hitaveita Suðureyrar. Efnaeftirlit 1997

**Magnús Ólafsson**

**Greinargerð MÓ-98-05**

## HITAVEITA SUÐUREYRAR Efnaeftirlit 1997

### Inngangur

Á árinu 1997 sendi Orkubú Vestfjarða sýni af vatni úr holu LA-05 að Laugum í Súgandafirði einu sinni í mánuði til mælinga á styrk klóríðs í vatninu. Vatnið er nýtt til upphitunar á Suðureyri og eru mælingar liður í vinnslueftirliti hjá Hitaveitu Suðureyrar. Í greinargerð Orkustofnunar 1997 (MÓ-97/01) var greint frá samskonar mælingum fyrir árinu 1994 til ársloka 1996.


Niðurstöður mælinga eru sýndar í töflu 1. Þar eru einnig sýndar niðurstöður mælinga í tveimur síðustu sýnum ársins 1996 þar eð mæling misfórst í öðru þeirra eins og fram kom í greinargerð Orkustofnunar 1997 (MÓ-97/01). Mynd 1 sýnir styrk klóríðs í vatni úr holu LA-05 á árunum 1994 til 1997, en styrkur klóríðs er mælikvarði á seltu vatnsins. Mynd 2 sýnir síðan klóríðstyrk frá upphafi dælingar úr holu 5 árið 1986 fram til ársloka 1997.

**Tafla 1.** Efnasamsetning vatns (mg/l)

Númer	Dagsetning	Hiti (°C)	Cl (mg/l)
96-0393	96-11-01	59	72,6
96-0548	96-12-03	59	74,9
97-0002	97-01-02	58	74,0
97-0037	97-02-03		72,9
97-0057	97-03-03	59	72,8
97-0124	97-04-01	59	74,6
97-0204	97-05-05		75,4
97-0322	97-06-02	59	71,8
97-0413	97-07-02	58	71,8
97-0437	97-08-01	59	70,8
97-0479	97-09-01	59	70,5
97-0637	97-10-06	59	71,7
97-0680	97-11-05	59	71,3
97-0689	97-12-01	58	71,1


Selta vatns úr holunni er háð því hver miklu vatni er dælt úr henni. Mynd 1 sýnir að selta vatnsins breyttist lítið á árinu 1997. Á síðustu þremur árum hefur hún hins vegar farið hægt lækkandi með þeirri litlu en stöðugu vinnslu sem verið hefur.

Hitaveita Suðureyran



Mynd 1. Styrkur klóríðs í vatni úr holu LA-05, 1994 til 1997

Hitaveita Suðureyran



Mynd 2. Styrkur klóríðs í vatni úr holu LA-05, 1986 til 1997